

125 mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta sild fyrir, eða vera þeim háðir á 29. júní annan hátt.

Matsmenn eru bundnir algerðri þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja í starfi sínu, og mega ekki láta neitt uppi um ástand vöru þeirrar, er þeir meta, annað en tekið er fram í skoðunartottorði. Þeir mega ekki t. d. gefa sildinni ein-kunnir svo sem „góð 3. flokks sild“ eða „léleg 1. flokks“ o. s. frv. Þagnarskyldan nær þó ekki til upplýsinga, sem þeir eiga að gefa matsstjóra. Sannist þær misfellur á vottorði matsmanns, er álíta verður, að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust.

Erindisbréf þetta staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um matjessild og skozkverkaða sild, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

126
12. júlí

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt, og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Á heimilum má selja um kWst-mæli samkvæmt gjaldskrárlið B 2, þótt raforkan sé eingöngu notuð til ljósa.

2. Um kWst-mæli á 48 aura fyrstu 4 kWst/ári á hvern fermetra gólfplat, en á 25 aura á kWst fyrir alla notkun þar framyfir.

3. Um hemilmæli á 60 kr. hvert árshektóvatt (hW), og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hW. Umframnotkun skal hér seld á 48 aura hver kWst.

4. Um kWst-mæli á 23 aura hverja kWst til skóla, sjúkrahúsa og kirkna, og enn fremur til útilýsingar og auglýsingaljósa. Sé raforkunotkunin meiri en sem samsvavar 600 klst. notkunartíma, er verðið 10 aurar fyrir hverja kWst þar fram yfir.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvöenna kWst-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn reiknast 48 aurar á kWst, en á hinn mælinn 10 aurar.

2. Um einn kWst-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 48 aura hverja kWst fyrstu 3 kWst á ári á hvern ferm. (m²) gólfplat, en á 4 aura hver kWst fyrir næstu notkun, þannig reiknað:

30 kWst/m ² á ári fyrir	25 m ²
25 — — — —	næstu 25 —
20 — — — —	25 —
15 — — — —	25 —
og síðan 15 — — —	á gólfplöt þar yfir.

Umfram þetta greiðist með 4 aurum hver kWst.

Miða skal hér við gólfplöt allrar íbúðarinnar, sem telst íbúðarherbergi og eldhús.

Herbergi minna en 5 ferm. reiknast hálf, en stærri en 25 ferm. reiknast 2 herbergi. 126
12. júlí

3. Um einn kWst-mæli á 7 aura hver kWst. Notandi skal hér auk þess greiða fastagjald kr. 1,00 á mánuði fyrir hvert íveruherbergi íbúðarinnar, að meðtöldu eldhúsi, og ábyrgjast minnstu notkun sem hér segir:

1 herbergi og eldhús	600 kWst á ári.
2 — — —	900 — — —
3 — — —	1200 — — —
4 — — —	1500 — — —
5 — — —	1800 — — —
6 — — —	2100 — — —

Fyrir notkun umfram þetta greiðist 4 aura hver kWst.

4. Til hitunar á heimilum, auk annarar notkunar, má selja um tvígjaldsmæli eftir gjaldskrálið B 2 eða B 3, en þó þannig, að af þeirri raforku, sem samkvæmt þeim gjaldskrárliðum ætti að reiknast á 4 aura, sé sá hluti, sem notaður er á „ódyra tímanum“, reiknaður á 2 aura hver kWst.

Ódýr tími skal reiknast að nóttu til frá kl. 23—8 og að degi til þá tíma, sem raforkunotkun er lítil, eftir nánari ákvörðun rafveitustjórnar. Hún getur sett sem skilyrði fyrir söluinni, að henni sé heimilt að taka straum af tækjunum, þegar nauðsynlegt þykir vegna annarar notkunar.

C. Vélar.

Þar sem raforka er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kWst-mæla á 20 aura á kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 30 kr.—50 kr. hvert uppsett kW vélanna.

2. Um hemilmæla á 240 kr. árskW og 10 aura á kWst öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilmælis í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.

3. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 10 kWafl er að ræða og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst., á 40 aura á tíma mesta álags, en á 10 aura utan þess tíma. Tími mesta álags skal talinn:

Í apríl	kl. 10½—12½ og kl. 20½—22
- september og marz	— 10½—12½ — — 19 —22
- október og febrúar	— 10½—12½ — — 17½—22
- nóvember og janúar	— 10½—12½ — — 16 —22
- desember	— 10½—12½ — — 15 —22

Ef ársnotkunin er meiri en 10000 kWst, má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu 10000 kWst utan tíma mesta álags ÷ afsláttur	0%
— næstu 10000 — — — — — ÷	10%
— — 30000 — — — — — ÷	20%
— — 60000 — — — — — ÷	30%
— — 100000 — — — — — ÷	40%
og notkun þar yfir	÷ — 50%

D. Hitun.

Þar sem orkan er notuð til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri, má selja:

1. Um kWst-mæla á 4 aura á kWst, enda sé þá minnsta notkun 10000 kWst á ári.

2. Um tvígjaldsmæla á 3 aura á kWst frá kl. 23 til kl. 8, og 8 aura á kWst frá kl. 8 til kl. 23. Við sölu samkvæmt gjaldskrárliðum D 1 eða D 2 má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita, sem því nemi, að rafmagnsnotkunin verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

126 E. Þegar sérstaklega stendur á,
12. júlí má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitunefndar.

F. Gjald fyrir götu og hafnarljósingu
ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun bindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Ársleiga í krónum		
	Upp að 30 amp.	35—75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa mælar og einfasa hemilmælar	7.20		
Þrífasa eingjaldsmælar og þrífasa hemilmælar ..	12.00	18.00	24.00
Tvígjaldsmælar	18.00	24.00	30.00
Lausar skriftklukkur	6.00		

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 20% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við fasteignamatsverð á húsum með lóðum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Nr.	Fasteignamatsflokkur:		Heimtaugagjöld:	
	Kr.		Jarðlína kr.	Loftlína kr.
1	0—	2500	55.00	30.00
2	2500—	5000	110.00	60.00
3	5000—	7500	150.00	85.00
4	7500—	10000	190.00	115.00
5	10000—	12500	225.00	140.00
6	12500—	15000	255.00	165.00
7	15000—	17500	280.00	185.00
8	17500—	20000	300.00	210.00
9	20000—	25000	350.00	255.00
10	25000—	30000	390.00	300.00
11	30000—	40000	440.00	325.00
12	40000—	50000	490.00	350.00
13	50000—	60000	530.00	375.00
14	60000—	70000	550.00	395.00
15	70000—	80000	570.00	415.00
16	80000—	90000	585.00	435.00
17	90000—	100000	600.00	450.00
18	100000—	125000	625.00	475.00
19	125000—	150000	650.00	500.00
20	150000—	200000	700.00	525.00
21	yfir	200000	750.00	550.00

Ef stærð lóðar eða verð er sérstaklega mikið í samanburði við hús það, er á henni stendur, getur rafveitustjórn veitt afslátt frá ofangreindum heimtaugagjöldum.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m eða loftlínuheimtaugar meiri en

40 m, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á eða séu 126 óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. 12. júlí

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugagjöld skulu greiddast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á tveimur árum, og fer fyrsta greiðsla fram um næstu mánaðarmót eftir að heimtaug hefir verið tengd. Sé allt heimtaugagjaldið greitt um leið og tenging fer fram, veitist 10% afsláttur á því.

IV. Ýms gjöld.

1. Opnunargjöld.

Hafi verið lokað fyrir veitu, vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, eða samkvæmt ósk notanda, skal taka tveggja krónu gjald fyrir enduropnun veitunnar.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandi hefir greitt tveggja krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um hundahald í Ólafsvíkurhreppi.

127

8. des.

1. gr.

Bannað er öllum íbúum Ólafsvíkurhrepss að halda hunda.

Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem vera kunna taldir að eiga heima utan hreppsins, en vitanlegt er, að eigendur þeirra eru búsettir í Ólafsvíkurhreppi, og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., og er hver hundur réttdræpur, sem fyrir finnst í hreppnum, eftir að reglugerð þessi hefir öðlast gildi, nema hann fylgi aðkomumanni.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.